

Ed.

207. Frumvarp til laga

[163. mál]

um fóstruskóla.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið skal reka í Reykjavík skóla, er nefnist Fóstruskólinn. Markmið skólans skal vera að veita viðhlítandi kennslu þeim nemendum, sem búa sig undir fósturstörf við almenn barnaheimili, svo sem vöggustofur, leikskóla, dagheimili og vistheimili. Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

3. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans.

4. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra skipa nefnd til að semja reglugerð um starfsemi skólans. Í nefnd þessari skulu eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á uppeldis- og sálarfræði. Skal skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1946 stofnaði Barnavinafélagið Sumargjöf Fóstruskólann og hefur rekið hann síðan með stuðningi Reykjavíkurborgar og nokkrum styrk úr ríkissjóði. Skóli þessi hefur tvímælalaust gert mjög mikið gagn. Hins vegar er það fyrir löngu orðið ofviða fjárvana áhugamannafélagi eins og Sumargjöf, að reka slíkan skóla á þann veg, að hann geti til hlítar þjónað nútímakröfum og stóraukinni þörf á sérmenntuðum fósturum og starfslíði á barnaheimilum. Verður það ástand að teljast óviðunandi með öllu, að meiri hluti alls starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra slíkra stofnana skuli ekki hafa sérmenntun í starfi. Stofnunum af þessu tagi fer sífellt fjölgandi og þær rísa vafalaust margar upp næstu árin á þéttbýllisstöðum um land allt. Þörfin fyrir sérhæft starfslíð á þessu sviði er þegar orðin brýn og fer stöðugt vaxandi. Flm. þessa frv. er um það kunnugt, að margar stúlkur hafa hug á að leggja stund á það nám, sem fram fer í vel búnum fóstruskóla, en ekki er við núverandi aðstæður kleift að kenna nema fáum einum. Gerist slíkt á sama tíma og skortur þjálfaðs og kunnáttusams starfslíðs í þessari grein fer vaxandi með ári hverju.

Á þessu ástandi, sem er með öllu óþolandi, verður því aðeins ráðin bót, að Fóstruskólinn verði gerður að ríkisskóla, skipi rúm í hinu almenna fræðslukerfi, sé jafnframt efldur og endurskipulagður og við það miðað, að hann verði fær um að sjá þjóðfélaginu fyrir nægu sérmenntuðu starfsfólki við samfélagsstofnanir (sósíalstofnanir) landsins.